

Mál nr. 202/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot, ásamt fylgiskjöllum, mótttekið 28. júní 2022
2. Bréf V, ásamt fylgiskjöllum, dags. 25. júlí 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að slys hafi orðið hinn 18. desember 2017 þegar M, nemandi í skóla, hafi runnið í hálku á skólalóðinni í frímínútum með alvarlegum afleiðingum.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á slysi hennar á grundvelli þess að aðstæður hafi verið óviðunandi á skólalóðinni sem X beri ábyrgð á og að aðstæður hafi verið til þess fallnar að valda slysaþættu. M telur að líkamstjón hennar megi rekja til þess ekki hafi verið saltað á gangstétt á skólalóð fyrir slysið. Vísar M m.a. til ákvæði laga nr. 91/2008, um grunnskóla, og reglugerðar nr. 657/2009. Telur M að skólinn hafi átt að hálkuverja gangstéttina á skólalóðinni fyrir slysið á tjónsdegi.

V hafnar kröfum M og byggir á því að ekkert í gögnum málsins bendi til þess að meint atviki megi rekja til saknæmrar eða ólögðmætrar háttsemi X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. Vísar V til þess að skólinn hafi fylgt hefðbundnu verklagi á tjónsdegi. Þannig hafi umsjónarmaður skólans haft samband við hverfisstöð strax að morgni og ítrekað að það þyrfti að moka snjó og salta/sanda vegna hálku. Þá hefði umsjónarmaður skólans umsjón með því að salta/sanda á viðkvæmum stöðum á skólalóðinni. Loks segir að hverfamiðstöð forgangsraði á þessum tíma ársins og geti ekki verið á öllum stöðum í einu. Þá sé skólalóðin víðfem, eða 28.813m², og ekki sé hægt að gera kröfu um að umsjónamaður salti/sandi alla lóðina. Þá sé með engu móti hægt að koma í veg fyrir hálku á öllu svæði skólans í desember á Íslandi. Loks er bent á að samkvæmt veðurfarsyfirliti frá Veðurstofu Íslands þá hafi ekki hafa verið frost á slyssdegi eða daginn á undan. Því sé með öllu ósannað að umsjónarmaður skólans hafi haft sérstaka ástæðu til að fylgjast með hálkumyndun og þá sérstaklega á þessum tiltekna stað, sem er í þó nokkurri fjarlægð frá skólanum. Þá sé ósannað hvað slysið var og ekkert liggi fyrri um hverjar orsakir slyssins voru eða aðstæður á meintum slyssstað.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að slys M varð að morgni mánudagsins 17. desember 2017. Af gögnum málsins má ekki ráða hver hafi verið orsök slyssins eða aðstæður á meintum slyssstað. Þá verður ekki ráðið af gögnum málsins að veður hafi verið með þeim hætti að aðstæður hafi verið hættulegar með tilliti til hálku þannig að ástæða hafi verið til að víkja sérstaklega frá verklagi X. Ekki verður heldur séð, af afhentum gögnum, að frekari eða aðrar athugasemdir hafi verið gerðar við aðstæður á skólalóðinni þar sem M féll á tjónsdegi. Ekki verður því talið sannað að á starfsmönnum skólans hafi hvílt sérstök athafnaskylda aðstæðna er slysið varð. Í gögnum málsins kemur heldur ekki skýrt fram að aðstæður hafi verið með þeim hætti að starfsmenn skólans hafi vanrækt almennar skyldur sínar vegna veðuraðstæðna yfir daginn hinn 17. desember 2017. Miðað við þær upplýsingar sem koma fram í gögnum málsins á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitafélagsins X hjá V.

Reykjavík, 6. september 2022

Þóra Hallgrímsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir